

34. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 27. maí 2014, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Jónína Magnúsdóttir, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## Dagskrá

### 1. Afgreiðsla fundargerða

Fundargerðir fundar 32 og 33 bornar upp til samþykktar

### 2. Innritun, staða skráninga

Nú hafa skólanum borist 52 umsóknir um skólavist á haustönn 2014. Þar af eru 24 frá 10. bekkjum, þar af 4 á starfsbraut. 18 nemendur eru með skólann sem annað val.

### 3. Skólanámskrá, þriggja ára nám, námsframboð

Skólameistari gerði grein fyrir fundi með ráðherra þar sem fram kom að nú skulu allir framhaldsskólar bjóða upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs. Ekki verður boðið upp á að nám sé lengra. Allir skólar skulu vera komnir inn í nýtt kerfi haustið 2015. Þetta þýðir ekki breytingar á skólanámskrá eða fyrirkomulagi MTR þar sem það er þegar miðað við slíkt fyrirkomulag.

### 4. Gjaldskrá fyrir næsta haust

Fjármálastjóri lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir haustönn 2014. Samkvæmt tillögunni verða efnisgjöld í eftirtöldum áföngum:

ILI1A05	2.000 kr.
MYL2A05	4.000 kr.
MYL2H05	4.000 kr.
MYL2I05	4.000 kr.
MYL3A05	4.000 kr.
LIL2A05	2.000 kr.
LIL2C05	2.000 kr.
LIL3B05	2.000 kr.
ÚTI2B05	8.000 kr.
FJA2A05	8.000 kr.

Lagt er til að gjaldskrá fjarnáms verði sú sama og hjá Fjarntenntaskólanum, sjá fjarntenntaskolin.is. Tillögur að gjaldskrá samþykktar.

### 5. Fjármál

Fjármálastjóri lagði fram ársreikning skólans fyrir árið 2013 sem unninn er af Fjársýslu ríkisins. Skólinn var rekinn vel innan marka fjárheimilda.

### 6. Skóladagatal

Skóladagatal næsta skólaárs var lagt fram. Það hefur verið samþykkt á kennarafundi. Samkvæmt því hefst kennsla á haustönn 22. ágúst 2014 og útskriftardagur á vorönn 16. maí. Nokkrar umræður urðu um það hvort gera ætti ráð fyrir vetrarfrí á sama tíma og grunnskólar í Fjalla- og Dalvíkurbyggð.

### **7. Tímasetning fundar í ágúst**

Samþykkt að skólanefndarfundur verður 26. ágúst kl. 13:00. Þá verða fundir 16. september og 18. nóvember á sama tíma.

### **8. Starfsmannabreytingar**

Skólameistari gerði grein fyrir starfsmannabreytingum. Magnús Guðmundsson hefur upplýst að hann stefni á að fara ef hann fær starf annars staðar. Starfið hefur verið auglýst. Óliver Hilmarsson hefur sagt starfi sínu lausu og hefur verið auglýst eftir raungreinakennara. Þá fer Valgerður Ósk Einarsdóttir í launalaust leyfi. Spænskukennari skólans flytur norður og mun fara í fullt starf og kenna einnig dönsku.

Þá hefur verið ákveðið að endurskipuleggja starf starfsbrautar. Myndað hefur verið stjórnunarteymi þriggja starfsmanna, brautarstjóra, sérkennara og iðjuþjálfara. Í tengslum við þetta verða störf stuðningsfulltrúa auglýst þegar ljóst er hvert fyrirkomulagið verður. Samningar núverandi stuðningsfulltrúa voru tímabundnir og renna út nú í vor og sumar. Eiga þeir kost á að sækja um störf sem verða auglýst.

### **9. Útskrift**

Þann 24. maí voru 17 nemendur útskrifaðir frá skólanum og er það stærsti hópur sem hefur útskrifast. Þar af voru 16 stúdentar og einn af starfsbraut.

### **10. Önnur mál**

#### *6.1 Niðurstöður vorannar 2014*

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir helstu niðurstöðum vorannar 2014. Á vorönn skilaði skólinn 125,7 nemendaígildum af almennum brautum og 10,5 af starfsbraut, samtals 136,2. Nemendaígildi skólaársins eru því 128,7 af almennum brautum en 139,4 með starfsbrautarígildunum. Meðaleinkunn úr áföngum var 6,57 sem er örlítið lægri en á haustönn (6,93). Fall í áföngum var að meðaltali 14% og brottfall 8%. Á haustönn var meðalfall 12,8% og brottfall 5,8%.

#### *6.2 Stofnun ársins hjá SFR 2014*

Skólanefnd lýsir ánægju sinni með árangur skólans sem var tilnefndur sem fyrirmyndarstofnun og lenti í 2. sæti meðalstórra stofnanna sem Stofnun ársins 2014.

#### *6.3 Stefnumótun og ytra mat*

Skólameistari upplýsti að ekkert hefði verið unnið í stefnumótun í menningarmálum og ytra mati hefði verið frestað til hausts.

#### *6.4 Styrkir úr Sprotasjóði*

Skólameistari upplýsti að skólinn væri aðili að tveimur styrkjum úr Sprotasjóði. Eru þeir í samstarfi við skóla úr Fjarmenntaskólanum.

### 6.5. *Betri líðan*

Skólameistari lagði fram til kynningar niðurstöður úr könnuninni Betri líðan sem lögð var fyrir síðast liðið haust.

### 6.6.

Formaður skólanefndar upplýsti að hann hefði setið vorþing Grunns félags starfsfólks á skólaskrifstofum. Þar varð hann var við mjög jákvætt viðhorf og afstöðu til Menntaskólans á Tröllaskaga og er það ánægjulegt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10.

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir